

Maíbréf 2022

Þá er vorið komið og fer að sjást fyrir endann á þessum skólavetri. Pappírsala er nú í gangi þar sem hagnaður fer að vanda í nemendasjóð.

Sund getur verið alla daga sem íþróttir eiga að vera þannig að allir þurfa alltaf að vera með sundföt.

Núna reynum við að vera sem mest úti þannig að allir verða að muna að klæða sig eftir veðri, það getur verið lúmskt kalt.

Skila þarf öllum bókum og öðrum gögnum sem tilheyra skólanum eða bókasafninu til umsjónarkennara. Lokaskiladagur verður 31. maí. Munið einnig að skila þarf diskum, hljóðbókum, spjaldtölvum, snúrum og slíku sem er í eigu skólans.

Það verður engin próftafla sem slík heldur verða öll próf í viðkomandi kennslustundum. Vordagarnir verða hjá okkur en ekki er ljóst nú með hvaða sniði þeir verða.

Skólaslitin verða hjá okkur 2. júní eftir venjulegan skóladag. Áætluð tímasetning kl 14:00.

10. maí kemur Ragnar talmeinafræðingur

19. maí verður Lyngbrekkuball

20.-21. maí verða smiðjur í GBF

23. maí verður tónlistardagur hjá Jenna

26. maí er Uppstigningardagur. Engin kennsla

27. maí er starfsdagur. Engin kennsla

30. maí -1. júní eru vordagar. Nánari útfærsla síðar

2. júní er lokahátíð og skólaslit.

Kveðjur
Starfsfólk Laugargerðisskóla

